

Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeigenda í Hvammi haldinn í Húsnæði KPMG, Borgartúni 27, 09.01.2012

Mættir: Bergþór Þormóðsson, Bárður Sigurgeirsson, Alexander Edvardsson, Sveinbjörn Sveinsson, Skúli Már Sigurðsson, Arnar Jónsson, Svanhildur Skúladóttir. Birgir Benediktsson fyrrverandi formaður var gestur fundarins

1. **Vatnsveitumál.** Bergþór skýrði frá fundi sem hann átti með landeiganda. Á þeim fundi tilkynnti landeigandi um einhliða stofnun félags um rekstur vatnsveitu á Hvammssvæðinu og birti Bergþóri gjaldskrá félagsins. Gjaldskráin er birt hér að neðan.

Hvammssveitur ehf
Nóatúni 17
105 Reykjavík

GJALDSKRÁ 2012 fyrir vatnsveitu í Hvammi í Skorradal

1. gr.

Vatnsgjald er 0,26% af fasteignamati mannvirkja og lóða, þó að hámarki 76 þúsund og að lágmarki 49 þúsund krónur árlega. Ekkert vatnsgjald er innheimt fyrir lóðir án mannvirkja.

2. gr.

Heimædagjald er kr. 218.000 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að lóðarhafi hafi lagt ídráttarrör fyrir heimlagin á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út af starfsmanni veitunnar eða umbjóðanda hennar. Miðað skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m ella greiðist viðbótargjald. Umframgjald á metra er kr. 1.600.

Heimædagjald uppfærast miðað við síðast birtu byggingarvísitölu. Byggingarvísitala í desember 2011 er 111,6 stig.

3. gr.

Vatnsgjald er innheimt eftirá, 4. dag hvers mánaðar.

4.gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. janúar 2012.

Töluverðar umræður voru um þetta mál. Stjórnarmenn telja eðlilegt að rekstrarkostnaður vatnsveitu sé greiddur af notendum vatnsveitunnar, en ekki nýjar framkvæmdir nema á undan fari samþykkt félagsmanna. Vegna þess hve gjaldið er hátt telur stjórnin ljóst að hér er ekki um að ræða eðlilega gjaldtöku til að standa undir kostnaði við rekstur vatnsveitu, heldur tekjulind fyrir landeiganda. Slíkt er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag eða í vatnalög (1923 nr. 15 20. Júní). Einnig virðist stofnun félagsins ekki vera í samræmi við gildandi lög. Einnig virðist gjaldið mjög hátt en til samanburðar voru nefnd dæmi um vatnsfélag í Skorradal og fleiri sumarhúsasvæðum þar sem árgjald er í kringum 5.000 kr. Ekki er vitað til þess að greiðsluseðlar hafi borist sumarhúsaeigendum.

Stjórnin mun skoða lömæti ofangreinds gjörning í samráði við lögmenn. Á meðan ráðleggur stjórnin sumarhúsaeigendum að greiða ekki vatnsgjald

til ofangreinds félags. Ritara falið að birta frétt um málið á heimasíðu og formanni að mótmæla ofangreindri gjaldtöku bréflega.

2. **Brunavarnir.** Eru ekki í nægilega góðu lagi. Óska eftir fundi með landeiganda og slökkviliðsstjóra. Landeigandi á brunahana og allar lagnir sem tengjast því. Alls óvíst er hvort kerfið virkar og það hefur ekki verið prófað.
3. **Bátaskýli:** Fram kom á fundi formanns með landeiganda að áhugi er á selja lóðir, eða byggja bátaskýli, til sölu eða leigu.
4. **Bryggjur:** Landeigandi hefur áhuga á að fækka bryggjum.
5. **Viðhald á vegum.** Líklega þarf að bera í vegi. Skoða betur þegar snjóá leysir og óska þá eftir tilboðum.
6. **Snjómokstur.** Húseigendur lentu í vandræðum um jólin. Formaður hafði samband við verktaka og lét ryðja aðalæðar, en heimkeyrslur eru á eigin kostnað hvers sumarhúsaeigenda.
7. **Öryggismál.** Vinnuhópur stofnaður með þátttöku Skorradalshrepps og sumarhúsafélaganna í Skorradal. Áætlað er að 4 myndavélar vakti alla leiðir úr og í Skorradal. Rekstur myndavélanna verður á hendur Securitas og einungis lögreglan mun hafa aðgang að myndunum vegna rannsóknar brotamála. Jafnhliða er unnið að undirbúningi á uppsetningu myndavéla við hliðin á Hvammssvæðinu.



Bárður Sigurgeirsson